



Fundargerð

474. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 13. apríl 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir og Jón Hrafn Karlsson.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 4 bls. Fundurinn er einnig hljóðritaður og er hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=daNB69VsXTQ>

Bjarki Guðnason oddviti býður fundarmenn, Auðunn Guðjónsson endurskoðanda og áhorfendur velkomna.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist;

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

9. 2203015 Kjörstjórn - tilnefningar

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundum:

17. mars stjórnarfundur Eldvilja ehf

18. mars þriðji fjarfundur með stjórn SASS til að bæta upplýsingagjöf

21. mars Rekstrarfundur með aðildarsveitarfélögum Bergisans bs.

23. mars vinnufundur stafrænt Suðurland

23. mars forstöðumannafundur

24. mars fundur á vegum forsætisráðuneytisins vegna vatnaveitinga í Skaftá

30. mars upplýsingafundur á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga um flóttafólk frá Úkraínu

31. mars stöðufundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps

4. apríl fundur landeigenda óskipts lands jarðarinnar Kirkjubæjarklausturs

5. apríl samráðsfundur skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu með skólastjórum á starfssvæðinu.

6. apríl vinnufundur Stafrænt Suðurland

12. apríl Fundur með umhverfis- og loftslagsráðuneytinu vegna tilraunaverkefnis í úrgangsmálum

12. apríl stjórnarfundur Eldvilja ehf

12. apríl stjórnarfundur Bergisans bs

Sveitarstjóri vekur athygli á íbúafundi vegna tilraunaverkefnis í úrgangsmálum sem haldinn verður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli 19. apríl kl. 20.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2203014 - Ársreikningur Skaftárhrepps 2021 - fyrri umræða
Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG fer yfir ársreikning

[Handwritten signatures]
BUG
1374 H.G.Þ.



Skaftárhrepps 2021.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar Auðunni Guðjónssyni fyrir yfirferðina. Ársreikningi Skaftárhrepps 2021 vísað til síðari umræðu.

2. 2203014 - Niðurfærslur viðskiptakrafna vegna ársuppgjörs 2021
Sveitarstjóri leggur fram lista yfir niðurfærsluþörf viðskiptakrafna hjá Skaftárhreppi í tengslum við ársuppgjör 2021 að upphæð 5.528.151 kr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir niðurfærsluna.

3. 2203013 - Fjárfestingar lántaka 2022
Í samþykktri framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 104.500.000,- og gjaldfærðu viðhaldi 39.617.000,-. Áætluð lántaka var 80 millj.kr. Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn samþykki lántöku allt að 80 millj.kr. Hluti af því verði græn lánveiting vegna uppbyggingar flokkunarstöðvar. Önnur lán verði jafngreiðslulán til 12 ára með fasta verðtryggða vexti 1,1 %.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 80.000.000 kr. Stærstur hluti lánsins verður til 12 ára, en óskað verður eftir grænni lánveitingu vegna framkvæmda sem uppfylla skilyrði sjóðsins þar að lútandi. Lánin verða í samræmi við samþykktu skilmála lánveitinganna sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til framkvæmda ársins 2022, þar með talinn er flokkunarstöð endurvinnslu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

4. 2110004 - Rekstraryfirlit Skaftárhrepps - 3 mánaða staða
Sveitarstjóri Skaftárhrepps leggur fram rekstraryfirlit fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2022.

Reksturinn er á áætlun

5. 2203015 - Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022
Kjörskrárstofn frá Þjóðskrá til sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 var gefin út 6. apríl 2022. Á kjörskrá eru alls 423 þar af 220 karlar og 203 konur.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um

[Handwritten signatures]
BVG HGF
1375



athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí nk. í samræmi við 32. gr. Kosningalaga nr. 112/2021

6. 2204001 - Umsagnarbeiðni - tækifærisleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 05.04.2022
Lilja Magnúsdóttir kt. 300863-5239 sækir um tækifærisleyfi fyrir sveitaball í Kirkjuholi, Klausturvegi 10 frá kl. 22 - 03:00 þann 23. - 24. apríl nk.

JHK, HGÁ, KG og JBJ samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðsluna vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.

7. 2204002 - Aðgengisfulltrúi Skaftárhrepps - tilnefning
Þann 7. maí 2021 var undirrituð samstarfsyfirlýsing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, félags- og barnamálaráðuneytisins og Öryrkjabandalags Íslands um átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Skaftárhreppur þarf að skipa aðgengisfulltrúa sem tengilið sveitarfélagsins vegna átaksins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skipar Ólaf Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúa sem aðgengisfulltrúa sveitarfélagsins.

8. 2204003 - Fornleifarannsókn - beiðni um samstarf. Fornleifastofnun Íslands, dags. 08.04.2022
Óskað er eftir stuðningi Skaftárhrepps við rannsókn Fornleifastofnunar Íslands sem standa mun yfir til a.m.k. tveggja ára og hlaut styrk úr Fornminjasjóði. Skaftárhreppur fær gögnin sem verða til í rannsókninni til eigin nota. Markmið rannsóknarinnar er að vinna ítarlega fornleifaskráningu á svæði þar sem náttúruvá er viðvarandi ógn. Sérstaklega verður horft á svæðið milli Múlakvíslar til vesturs og Kúðafliðs til austurs auk nærliggjandi jarða í Meðallandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar verkefninu og samþykkir að veita því fjárstuðning að upphæð 250 þús.kr. sem tekið er af lið 0543-9191.

9. 2203015 - Kjörstjórn - tilnefningar
Tilnefna þarf nýjan varamann í kjörstjórn Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn tilnefnir Sigrúnu Böðvarsdóttir í stað Elíнар Önnu Valdimarsdóttur sem varamann í kjörstjórn Skaftárhrepps. Sveitarstjórn ítrekar nauðsyn þess að endurskoða hæfisreglur kjörstjórnarmanna í

*JHK
JBJ
BG
HGÁ*



nýjum kosningalögum.

Fundargerðir til kynningar

10. 1801013 -

- 908. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25.03.2022
- 5. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands, dags. 13.12.2021
- 6. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands, dags. 07.02.2022
- 108. fundur menningarmálanefndar, dags. 16.03.2022
- 99. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 07.04.2022
- 38. fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 08.04.2022

Fundargerðir kynntar

Annað kynningarefni

11. 1801013 -


- Áfrýjunarstefna Lindu Agnarsdóttur gegn Skaftárhreppi. Landsréttur, dags. 22.03.2022
- Afrit af stjórnarsýslukæru til Innviðaráðuneytisins. Lögfræðistofa Reykjavíkur, dags. 05.04.2022
- Ársreikningur 2021 fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Samþykkt um vatnsvernd nr. 326/2022

Kynnt


Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður miðvikudaginn 11. maí.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:47.


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Katrín Gunnarsdóttir


Jóna Björk Jónsdóttir


Jón Hrafn Karlsson